



Nýársávarp
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárn
1. janúar 1975

Góðir áheyrendur.

Nýársdagur er dagur birtu í huga margra. Það er jafnvel einhver bjartur hljómur í sjálfu orðinu, nýársdagur. Og þó ber þennan dag upp á þann tíma árs þegar myrkur verða lengst. Skammdegi köllum vér Íslendingar hina dimmu árstíð og veit ég ekki til að eins hugsað orð sé í granntungum vorum. Í skammdeginu, þegar vetrarmyrkur og veðrahamur leggjast á eitt, hefur ærið oft í sögu þjóðar vorrar dregið skugga fyrir birtu nýársdagsins. Það fáum vér enn að reyna um þessi áramót. Þegar vér nú heilsum nýju ári ríkir harmur í huga vor allra vegna þeirra sorgaratburða sem gerðust í Neskaupstað fyrir fáeinum dögum. Orð geta virst lítil harmabót, en einlægur samhugur fellur þó aldrei úr gildi, og það ljós í myrkri þykist ég greina og mega nefna að raunir eins og þær sem nú hafa sótt eitt byggðarlag landsins heim hræra huga allra landsmanna til samúðar og fylkja þeim til hjálpar eftir því sem í mannlegu valdi stendur. Á því líkum stundum kemur skýrast í ljós hve nákomnir menn í þessu fámenna samfélagi eru hver öðrum og hvernig allir treysta í rauninni hver öðrum til góðs, þótt stundum mætti ætla annað. Marklaus eru þau brigsl sem stundum ganga manna í milli í opinberu lífi um illar hvatir og skort á umhyggju fyrir farsæld allra landsins barna.

Og víðar á landinu hefur fólk á ýmsan veg fengið að kenna á þessum skammdegistíma. Sjórinn hefur tekið sínar mannfórnir eins og löngum áður; það er hið sama gamla harmsefni vor Íslendinga, hraustir menn hverfa í hafsins djúp fyrir þann hættulega atvinnuveg sem afkoma vor byggist á. Í heilum byggðarlögum valda frost og snjóalög ómældum skaða og meira erfiði en margir þeir gera sér skýra grein fyrir sem við minnst vetrarríki búa, orkuver landsins hrökkva ekki til svo að við sjálft liggur að í sumum héruðum sé vá fyrir dyrum.

Vér höfum á liðnu ári talað margt um sambúð lands og þjóðar, bæði fyrr og nú. Á síðustu mánuðum hefur landið sjálft kvatt sér hljóðs og látið oss skilja að enn skortir allmikið á að vér höfum í fullu tré við hin grimmyndari náttúruöfl þess. Eðli landsins fáum vér ekki breytt en vér getum kannað og verðum að kanna það til þrautar, svo að hægt sé að efla það besta sem í því býr, varast hið válega og hemja það ótamda og leggja við það beisli. Allt þetta höfum vér að vísu gert að nokkru, en betur má ef duga skal.

Í skammdeginu er mannshugurinn berskjaldaðri en á öðrum tímum. Um myrkurvíðann og ljósþrána hefur séra Hallgrímur Pétursson ort best, sá sem í sumar átti sinn hlut að hátíð landsins með því að hafa þá hvílt í mold þess í þrjár aldir:

Sólin til fjalla fljótt,

fer að sjóndeildarhring,
tekur að nálgast nótt,
neyðin er allt um kring;
dimmt er í heimi hér,
hættur er vegurinn,
ljósið þitt lýsi mér,
lifandi Jesú minn.

Í þessu versu sér skáldið að vísu til sólar. En margur er sá mannabústaður á landi voru, í skuggum fjalla, þar sem sólar nýtur ekki svo vikum eða mánuðum skiptir í svartasta skammdeginu. Einn slíkur bær heitir í Firði eða Syðrafirði í Lóni austur. Þar bjó til skamms tíma Eiríkur bóndi, sá er svo kvað:

Mikaels frá messudegi
miðrar góu til
í Syðrafirði sólin eigi
sést það tímabil.

Lengi að þreyja í þessum skugga
þykir mörgum hart,
samt er á mínum sálarglugga
sæmilega bjart.

Sá sem mér kenndi þessar vísur sagði að bóndinn hefði ekki ort annað en þær tvær um dagana. En hann má una sínum hlut. Hann hefur unnið sinn sigur yfir myrkrinu og um leið brugðið upp með vísu sínum áhrifamikilli mynd af þeirri þrautseigju og æðruleysi sem enst hefur þjóð vorri til lífs á margri dimmri tíð.

Nú er nýjárstagur, eða áttidagur eins og fornmenn kölluðu þann dag, það er áttundi dagur jóla. En til þess voru jólin haldin að fagna því að myrkrið lætur undan síga, þau voru hátíð ljóssins í bókstaflegum skilningi, hátíð fyrir endurkomu sólar og í vorum síð einnig fyrir komu sólarhöfundar, fæðingu frelsarans. Í vorum huga er hann þó fyrst og fremst kennileiti við tímans og lífsins veg. Margir verða venju fremur hlustnæmir á nýjárstag; hann er íhugunardagur öðrum meiri, saknaðardagur að nokkru, því að fallin er að stöfum hurð sem enginn bifar, en um leið er horft um hálfá gátt til nýs áfanga, ef til vill með kvíða fyrir því ókomna og óþekkta, en þó ekki síður með eftirvæntingu. Ef allt er með felldu á nýjárstagur að vera dagur vonar, góðrarvonardagur.

Liðið er árið 1974, þjóðhátíðarárið, sem kallað er og mun verða kallað. Of snemmt mun vera að reyna nú þegar að gera sér grein fyrir þjóðlegum ávinningi af hátíðahöldum ársins. Sumir telja hann minni en engan, lastaranum líkar ei neitt, aðrir telja hann mikinn, en um allt þetta mun verða dæmt af meiri skilningi síðar. Talið er að meira en 150 þúsund manns hafi með einhverjum hætti tekið þátt í samkomum manna víða um land á liðnu sumri og svo virðist sem langflestum hafi verið þetta góðir og gleðilegir dagar. Vonir standa því til að þessi minningarhátíð þjóðarinnar muni lifa björt í huga manna og einnig að hún hafi orðið og verði raunverulegur aflvaki góðra hluta.

Víða sást þess vottur að þjóðhátíðin varð til þess að menn drógu af sér slénið og hrundu í framkvæmd góðum fyrirætlunum sem þeir höfðu lengi hugsað sér en ekki látið úr verða. En þess vil ég þó ekki síður minnast að þetta þjóðhátíðarsumar

leiddi í ljós stórhug og metnað byggðarlaganna víða um land. Menn gengu að því með eldmóði og gleði að halda sína hátíð sjálfir eftir því sem heimamönnum þóknaðist og af eigin hvötum og framlagi. Ég held að þetta sé merki um vögleði og vaxtarmegn, merki um góða afkomu og mannlíf, merki um trú á framtíð byggðarlaganna, yfirlýsing um sjálfstraust. Enda væri það dapurleg hátíð að rekja minningar fortíðar í héraði þar sem nútíðin væri í kaldakoli og framtíðin vonarsnuð.

Og loks vil ég geta þess að mér virðist allur viðbúnaðurinn til að gera sér dagamun á þessu minningarári greinilega hafa ýtt við mönnum til umhugsunar og umræðu um landið og þjóðina, um sögu hennar, atvinnulíf og menningu, um nútíð og framtíð. Ef þetta er rétt skilið ætti það að vera öllum Íslendingum fagnaðarefni, hvort sem þeim hefur annars líkað þjóðhátíðarhaldið betur eða verr. Mætti það þá njóta þess sannmælis allra.

Landnámsafmælið þokast nú inn í heim minninganna. Lífið heldur áfram með sínar kröfur á hverri líðandi stund og óráðin framtíð fyrir stafni. Hvert er hlutverk vort og takmark á hinni nýju tólftu öld landsins byggðar? Svarið er hið sama gamla. Að vernda, efla og nýta með skynsemd gæði lands og sjávar til þess að heimkynni vort verði góður og batnandi bústaður þjóð vorri. Að vinna að réttlæti og jöfnuði í samfélagi voru og hlúa að öllu sem til menningarauka horfir. Lengi mætti telja svo almenna sjálfsagða hluti. En hversu takast mun er undir mörgu komið. Vér mælumst ekki einir við, vér erum partur af mannkyninu og örlög vor eru samtengd örlögum þess. Svo mun margur mæla að um þessi áramót sé síður en svo hjart um að litast í veröldinni. Viðsjár með þjóðum, fáheyrð hryðjuverk unnin á saklausu fólki, hungursneyð meiri en orð fá lýst, vaxandi harka í samkeppninni um auðlindir jarðar, lítt viðráðanlegur efnahagsvandi margra ríkja og í fylgd með honum forynjur fyrri tíðar, atvinnuleysi, kreppa. Engin furða þótt þeim sem eitthvað muna aftur í tímann sortni fyrir augum. Margt er rétt um þessi mál öll, meðal annars á ýmsum ráðstefnum hinna Sameinuðu þjóða, en að baki vandanum og umræðunum má glöggt greina annars vegar stórstíga fjölgun mannkyns og hins vegar fyrirsjáanleg þrot auðlinda. Átökin um hlunnindin á þessari einu jörð færast í aukana, eða stimpingarnar um matinn eins og þeir komast að orði sem minnst eru gefnir fyrir rósamál og tæpitungu. Meðan þingað er og ráðslagað fara rányrkja og arðrán sínu fram með sívaxandi þunga, í heimi sem þó hver skyni borinn maður hlýtur að sjá að ræktun, verndun og jöfnun lífsgæða er það eina sem til bjargar má verða.

Sú mynd sem við blasir er óneitanlega skuggaleg. En vér komumst ekki undan að hugleiða samtíð vora og framtíð með hana sem bakgrunn. Sá vandi sem margir eiga nú við að glíma hefur einnig sótt oss heim og krefst úrlausnar, eins og stjórnáamenn vorir munu gera grein fyrir. Og ætlunarverk vor í framtíð ber einnig við mynd umheimsins. Þar á ég við verndun og yferráð þeirra lífslinda sem oss eru tiltækar og þó einkum viðleitni vora til að fá viðurkennt vald yfir fiskimiðunum kringum landið. Sú barátta er einn þáttur í átökunum um auðlindir jarðar. Engan dóm skal ég á það leggja hvort vér Íslendingar séum tillitssamari eða sanngjarnari en aðrir menn þegar til slíkra kasta kemur. Það vill svo til að þetta mál sker ekki úr um það efni, einfaldlega af því að land vort er þannig af guði gert að vér eigum ekki neitt það, og höfum enga möguleika til að ásælast neitt það, sem náttúran sjálf endurnýjar ekki ef hún er ekki beitt einhverju ofbeldi. Ekki er það frá neinum tekið þótt orka sístreymandi fallvatna sé látin snúa nokkrum hjólum á leið sinni. Ekki þarf að brenna upp til agna nein dýrmæt jarðefni til að kynda þann ókólni sem býr í iðrum landsins. Engum til miska en öllum til góðs ætti það að vera

að vér ræktum landið til matvælaframleiðslu. Og hafið kringum landið, með sínu auðuga lífríki, er ekkert annað en náttúrulegt framhald ræktunarlandsins, eins langt út og vér teljum rétt og eðlilegt að landinu fylgi. Þar má ekki frekar en á þurru landi taka meira en það sem náttúran megnar að endurnýja. Í samræmi við það lögmál viljum vér haga gerðum vorum, sjálfum oss til lífsbjargar, en einnig til þess að vera heimsins góðir borgarar, þess heims sem nú er mest vant græðandi og verndandi handa. Hitt er svo annað mál hvort vér stöndum nógu vel við það verndunar- og ræktunarheit, sem vér höfum þó unnið. Ef svo er ekki, verður það að breytast, það sér hver heilvita maður. Þegar vér fáum óskorað vald yfir þeim lífsuppsprettum sem vér sækjumst nú eftir, verðum vér að reynast þess megnugir að standa undir þeirri ábyrgð. Á því er enginn vafi að þetta er eitt stærsta, ef ekki allra stærsta, verkefnið sem nú blasir við Íslendingum.

Og er þó sannast sagna að verkefni skortir oss ekki. Hér er allt í vexti og kallað á starfskrafta hvaðanæva. Svo er fyrir að þakka að þrátt fyrir þær þrengingar sem nú eru víða í löndum og meðal annars hjá grannþjóðum vorum sumum, eru kreppa og atvinnuleysi ekki komin yfir oss, afkoma fólks yfirleitt sæmileg, þó að hins sé ekki að dyljast að blikur eru á lofti í efnahagslífi þjóðarinnar og enginn veit hvað úr þeim kann að blása. Á þeim vanda verður að sigrast, og allir sem þar fá nokkru um ráðið munu eflaust vera af fyllsta vilja gerðir til að afstýra því að verr fari, nú eins og ætíð. Ég veit einnig að vér höfum oft áður átt nokkuð þungan róður fyrir höndum og komist klakklaust af. Með þessu er ég ekki að mæla með því kæruleysissjónarmiði að allt fari einhvern veginn. Ég er að minna á að ekki skyldi æðrast eða kvíða of mjög þó að ögn skyggi í bili. Og andleg heilsubót er að festa sér í minni skammdegisvísur bóndans í Syðrafirði og halda sæmilegri birtu á sálarglugganum meðan vér þreyjum í skugganum af þeirri bliku sem allir mega sjá.

Góðir áheyrendur. Vér minnumst þess nú eins og jafnan áður að horfnir eru margir þeir sem í hópi vorum gengu til móts við nýtt ár í fyrra. Vér höfum kvatt vini vora marga og að þessu sinni venju fremur marga þjóðaröldunga sem verið hafa merkisberar fyrir oss lengi og lagt dýrmætan skerf til íslenskar menningararfleifðar. Vér eigum einnig á bak að sjá mörgum löndum vorum í blóma lífsins, mönnum sem vér höfðum vonað að ættu fyrir höndum langan og giftudrjúgan starfsdag með fámennri þjóð vorri, þar sem hver einstaklingur virðist skipa meira rúm en í mannhafinu. Heiður og þökk fylgi minningu allra þeirra sem lokið hafa samleið sinni með oss.

Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar, yður sem mál mitt heyrir og þeim fjölmörgu, í bæ og borg og á sjó úti, sem á þessum helgidegi ganga að skylduverkum sem ekki spyrja um almanaksdaga og vinna verður í allra vor þágu. Sérstaklega verður mér hugsað til þeirra sem einmana eru, eða veikir og ellimóðir dveljast á sjúkrahúsum og dvalarheimilum ýmiss konar. Á þessum nýjársdegi eins og aðra daga er sorg og gleði á ýmsa vegu skipt á milli manna. Þess óska ég þó að þessi dagur megi verða landsmönnum öllum með einhverjum hætti góðrarvonardagur, nú þegar norðurhvelið sveigir hægt og hægt í sólarátt.

Gleðilegt nýjár.